

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/47/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5141 – KLM/Martinair)	1
2008/EES/47/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5155 – Mondi/Loparex Assets)	2
2008/EES/47/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5201 – Total Produce/Haluco/JV)	3
2008/EES/47/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5221 – Kenwood/JVC/Holdco)	4
2008/EES/47/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5242 – Zurich/Caixa Sabadell/Sabadell Vida/Sabadell Generales) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	5
2008/EES/47/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5267 – Sun Capital/SCS Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2008/EES/47/07		Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.5046 – Friesland/Campina)	7
	3.	Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/47/01

(Mál COMP/M.5141 – KLM/Martinair)

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. júlí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið KLM Royal Dutch Airlines NV („KLM“), sem lýtur yfirláðum hins franska Air France – KLM Holding SA, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Martinair Holland NV („Martinair“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KLM: fjölþjóðlegt áætlunarflugfélag sem starfar á sviði frakt- og farþegaflutninga um allan heim
 - Martinair: flugfélag sem stundar bæði leiguflug og áætlunarflug, sinnir eingöngu flugi milli heimsálfa og flytur bæði frakt og farþega
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 184, 22. júlí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5141 – KLM/Martinair, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5155 – Mondi/Loparex Assets)

2008/EES/47/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. júlí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Mondi Coating BV, sem lýtur yfirráðum hins breska Mondi plc, öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hluta hollenska fyrirtækisins Loparex Holding BV („Loparex Assets“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mondi plc: framleiðsla á umbúðapappír, fullunnum umbúðavörum og óhúðuðum gæðapappír; einnig heildsöluviðskipti og dagblaðaprentun
 - Loparex Assets: framleiðsla á borðum fyrir limmiða, kraftpappír og sprautuhúðuðum vörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 23. júlí 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5155 – Mondi/Loparex Assets, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5201 – Total Produce/Haluco/JV)

2008/EES/47/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júlí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið Total Produce plc og hollenska fyrirtækið Haluco Beheer BV („Haluco“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu TP Haluco Holding BV („TP Haluco“) og Total Produce plc öðlast að fullu yfirráð í breska fyrirtækinu Haluco UK Ltd.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Total Produce plc: innkaup, innflutningur, markaðsfærsla og dreifing á ávöxtum og grænmeti, stofuplöntum og húsbúnaði
 - Haluco: innkaup, innflutningur, markaðsfærsla og dreifing á ferskum matvörum
 - TP Haluco: innkaup, innflutningur, markaðsfærsla og dreifing á ferskum matvörum
 - Haluco UK Ltd: heildsölu dreifing á ferskum matvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 23. júlí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5201 – Total Produce/Haluco/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5221 – Kenwood/JVC/Holdco)

2008/EES/47/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. júlí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Kenwood Corporation („Kenwood“) sameinast að fullu, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, japanska fyrirtækinu Victor Company of Japan Ltd („JVC“) með hlutafjaryfirfærslu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Kenwood: framleiðsla rafeindatækja; áherslan er á rafeindabúnað í bifreiðir, rafeindatæki til heimilisnota og fjarskiptabúnað
 - JVC: rannsóknir, þróun, framleiðsla og sala á rafeindabúnaði og fylgihlutum til almennra nota og atvinnunota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 182, 19. júlí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5221 – Kenwood/JVC/Holdco, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2008/EES/47/05****(Mál COMP/M.5242 – Zurich/Caixa Sabadell/Sabadell Vida/Sabadell Generales)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júlí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænsku fyrirtækin Zurich Vida, Compañía de Seguros y Reaseguros, S.A. („Zurich Vida“) og Zurich España, Compañía de Seguros y Reaseguros, S.A. („Zurich Generales“), sem tilheyra svissnesku Zurich-samsteypunni („Zurich Group“), og Caixa d’Estalvis de Sabadell („Caixa Sabadell“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í spænsku fyrirtækjunum CaixaSabadell Vida, S.A. de Seguros y Reaseguros („Sabadell Vida“) og CaixaSabadell Companyia d’Assegurances Generals, S.A. („Sabadell Generales“), en þau eru sem stendur dótturfélög Caixa Sabadell og að fullu í eigu þess fyrirtækis.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Zurich Group: tryggingar, endurtryggingar, lífeyrissparnaður og fjárfestingarþjónusta í Evrópu, Ameríku og Asíu
 - Zurich Vida: spænskt dótturfélag Zurich Group með starfsemi á sviði líftrygginga
 - Zurich Generales: spænskt dótturfélag Zurich Group með starfsemi á sviði skaðatrygginga
 - Caixa Sabadell: sparisjóður sem sinnir aðallega viðskiptabankastarfsemi
 - Sabadell Vida: líftryggingar og lífeyrissparnaður
 - Sabadell Generales: skaðatryggingar (heimilis- og slysatryggingar)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 23. júlí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5242 – Zurich/Caixa Sabadell/Sabadell Vida/Sabadell Generales, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5267 – Sun Capital/SCS Group)**

2008/EES/47/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Sun Capital Partners V, L.P. („Sun Capital“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í tilteknum rekstrareiningum breska fyrirtækisins SCS Upholstery plc, þ.e. fyrirtækinu Share & Sons Ltd („SCS Group“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sun Capital: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - SCS Group: sérverslanir með bólstruð húsgögn í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 181, 18. júlí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5267 – Sun Capital/SCS Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Upphaf málsmeðferðar
(Mál COMP/M.5046 – Friesland/Campina)

2008/EES/47/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. júlí 2008 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 186, 23. júlí 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 eða (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.5046 – Friesland/Campina, á eftirfarandi pósthfang:

Commission of the European Communities
Competition DG
Merger Registry
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Brussel/Bruxelles